




Samantekt ábendinga úr umræðum á kynningar- og samráðsfundi um greiningu valkosta og umhverfismat

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Ágúst 2014



Inngangur

Skipulagsstofnun stóð fyrir kynningar- og samráðsfundi á Hótel Reykjavík Natura 15. ágúst 2014 þar sem kynnt var niðurstaða valkostagreiningar faghópa vegna mótunar Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Markmið valkostagreiningarinnar var að draga fram og skilgreina með aðferðum sviðsmyndagreiningar hvaða svigrúm er til stefnumótunar og helstu þætti og álitamál sem varða mótun stefnu um viðfangsefni landsskipulagsstefnu.

Markmið fundarins var að fá fram sjónarmið og ábendingar ólíkra aðila um valkostagreininguna sem nýst gætu inn í mótun sjálfrar landsskipulagstillögunnar sem fram fer á næstu mánuðum.

Fyrirkomulag fundarins var þannig að kynningar á valkostagreiningu faghópanna fjögurra fóru fram samtímis, ein um hvert viðfangsefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þ.e. skipulag á miðhálandi Íslands, búsetumynstur og dreifingu byggðar, skipulag landnotkunar í dreifbýli og skipulag haf- og strandsvæða. Eftir kynningarnar gafst fundarmönnum tækifæri til að ræða og koma á framfæri sínum sjónarmiðum og ábendingum. Tvær slíkar kynningar- og umræðulotur fóru fram svo fundarmönnum gafst tækifæri til að taka þátt í umræðum um fleiri en eitt viðfangsefni. Ritari var í hverjum hópi sem tók niður punkta úr umræðu í hópnum og kynnti stuttlega fyrir öllum fundinum í lokin.

Skýrsluna *Greining valkosta og umhverfisáhrifa* sem lá til grundvallar umræðunni á fundinum er að finna á vef landsskipulagsstefnu, landsskipulag.is

Á fundinn mættu um 140 manns, fjölbreyttur hópur kominn víða að, en flestir frá ríkisstofnunum og sveitarfélögum og samtökum þeirra.

Samantekt ábendinga úr umræðum fundarins er sett fram hér að aftan.

Skipulag á miðhálandi Íslands

ÁBENDINGAR FYRIR ÚTFÆRSLU LANDSSKIPULAGSSTEFNU

- Hafðir verði í huga stefnukostir sem ganga lengra hvað varðar verndun heldur en valkostur A gerir, þar sem valkostur A felur í sér málamiðlun á milli verndunar og nýtingar. Skoða ætti möguleika á að vernda allt hálandið, m.a. með því að gera það að þjóðgarði.
- Við útfærslu stefnunnar verði haft í huga hvernig verndun og nýting geta farið saman. Bent á dæmi í Bandaríkjunum um góðar fyrirmyndir hvað varðar vernd og nýtingu náttúrusvæða, m.a. við Niagara fossana. Einnig bent á dæmi frá Sviss þar sem verndun fer saman með uppbyggingu gistirýma á hálandissvæðum.
- Skýrt þarf að vera hvað felst í hugtökunum verndun og nýting og varast að stilla þeim upp sem óhjákvæmilegum andstæðum.
- Sama gildir um aðra hugtakanotkun, svo sem um lágstemmda uppbyggingu. Skýrt þarf að vera hvað átt er við.
- Mikilvægt er að samræma skipulag á miðhálandinu og koma í veg fyrir að einstök sveitarfélög geti raskað náttúru þess án samráðs. Væntingar til landsskipulags um að samræma aðgerðir sveitarfélaga.
- Taka þarf tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á miðhálandið, þ.m.t. áhrifa á vöxt og útbreiðslu gróðurs.
- Móta þarf skipulag hálandisins með tilliti til náttúruvár.
- Upplifun skiptir máli við útfærslu stefnu um skipulag miðhálandisins.
- Fjalla þarf um beit á hálandinu.
- Mikilvægt er að vernda fossa og fjalla um þá í landsskipulagi.
- Þörf er á að takmarka aðgengi annarra vélknúinna ökutækja en bíla að hálandinu, eins og vélsleða, fjórhjóra og mótórhjóra.
- Huga þarf að útsýnisflugi þar sem það raskar öræfakyrrið.
- Hægt er að laða að ferðamenn inn á hálandið þrátt fyrir að aðgengi sé stýrt og áhersla sé lögð á verndun.

- Hafa þarf í huga mismunandi hlutverk hálandisvega. Ekki eingöngu til þess að komast yfir hálandið heldur einnig leið til að upplifa hálandið. Ef til vill þarf að bæta við sérstökum vegflokki sem mætti kalla ferðamannavegi eða útsýnisvegi.

ÁBENDINGAR FYRIR FREKARI VINNU VIÐ UMHVERFISMAT

- Mögulega er kvarðinn sem notaður var við umhverfismatið of takmarkandi.
- Verndun þarf ekki að fela í sér að dregið sé úr aðgengi fólks að miðhálandinu. Hlutverk verndunar getur verið að auka aðgengi fólks að svæðum.
- Virkjanir og framkvæmdir takmarka ekki endilega aðgengi að hálandinu. Með uppbyggingu virkjana verða til vegir sem nýst geta til að ferðast um og upplifa hálandið. Vegir sem verða til í tengslum við virkjanir og framkvæmdir eru þó í sumum tilfellum lokaðir almenningi og auka þá ekki aðgengi.
- Vegir þurfa ekki að fela í sér mikið rask eða sjónmengun. Þeir geta fallið vel að landslagi.
- Landgræðsla þarf ekki að vera neikvæð.

AÐRAR ÁBENDINGAR

- Athuga þarf samspil skipulagsstefnu um miðhálandið og þeirra reglna sem gilda á þjóðlendum sem eru að hluta innan hálandis og að hluta utan hálandis.
- Nauðsynlegt að taka tillit til komandi kynslóða við alla ákvarðanatöku sem snýr að hálandinu. Getur falið í sér að betra sé að fara hægt í viðamiklar breytingar á hálandinu.

Búsetumynstur og dreifing byggðar

ÁBENDINGAR FYRIR ÚTFÆRSLU LANDSSKIPULAGSSTEFNU

- Við útfærslu landsskipulagsstefnu þarf að horfa til fleiri valkosta en þeirra tveggja sem stillt var upp í valkostagreiningunni, sérstaklega varðandi óbreytta stefnu (0-kost).
- Við útfærslu stefnunnar verði haft í huga hvernig athafnafrelsi, nýsköpun og skipulag sem gengur út frá sjálfbærni fara saman.
- Rætt var um hugmyndir sem viðraðar eru í valkostagreiningunni um kjarna og vinnusóknarsvæði. Bent á að við skilgreiningu vinnusóknarsvæða þurfi að horfa til gæða samgangna, veðurfars og náttúruvár. Einnig að taka þurfi tillit til aðgangs að orku fyrir uppbyggingu á Vestfjörðum og Austfjörðum.
- Gæta þarf að þolmörkum íbúa gagnvart annarri starfsemi, s.s. ferðaþjónustu. Hafa þarf þetta í huga við blöndun byggðar.
- Mikilvægt að landsskipulagsstefna taki á orkuframleiðslu, til að samræma stefnu milli sveitarfélaga.
- Tilefni getur verið til að landsskipulagsstefna fjalli sérstaklega um útivistarsvæði, gróður og vistkerfi í þéttbýli. Sama á við um áhrif skipulags á lýðheilsu.
- Góðar samgöngur eru nauðsynlegar fyrir þéttbýli á landsbyggðinni.

ÁBENDINGAR FYRIR FREKARI VINNU VIÐ UMHVERFISMAT

- Umhverfismatið með valkostagreiningunni gefur svarthvíta mynd og of mikla einföldun. Getur gefið of dökka mynd af valkosti B og 0-kosti. Á móti bent á að gott sé draga fram skýra drætti, um valkost sem teljist sjálfbærari sem sé þá „grænn“ á móti öðrum valkosti sem er „rauður“. Þannig megi draga fram jákvæða þætti til að keppa að.

AÐRAR ÁBENDINGAR

- Rætt um landsskipulagsferlið. Um mikilvægi víðtæks samráðs og að raddir og sjónarmið ólíkra aðila komist að, svo sem frá atvinnulífinu og öðrum hagsmunahópum. Og um mikilvægi þess að gefinn sé nægilegur tími fyrir lykilskref í ferlinu.
- Rætt um mikilvægi þess að orðalag og hugtakanotkun í gögnum landsskipulagsvinnunnar sé hlutlæg og skýr.
- Landsskipulagsstefna er mikilvæg og nauðsynlegt að hún verði gegnsæ og vel rökstudd. Skýrt þurfi að vera hvaða áhrif hún hefur á skipulagsgerð sveitarfélaga. Það getur auðveldað framfylgd hennar.

Skipulag landnotkunar í dreifbýli

ÁBENDINGAR FYRIR ÚTFÆRSLU LANDSSKIPULAGSSTEFNU

- Rætt um að ástæða sé til að hafa í huga valkost sem fer bil beggja milli valkostanna tveggja sem kynntir voru í valkostagreiningunni, þegar kemur að mótun sjálfrar landsskipulagstillögunnar.
- Við útfærslu stefnunnar verði haft í huga hvernig huga má jöfnum höndum að umhverfissjónarmiðum og efnahagssjónarmiðum. Getur farið saman.
- Rætt um nákvæmni landsskipulagsstefnu og samspil við skipulagsgerð sveitarfélaga. Að landsskipulagsstefna eigi að teikna „stóru strokurnar“.
- Rætt um kjarnahugmyndir sem viðraðar eru í valkostagreiningunni. Bent á að landsskipulagsstefnan þurfi að gera ráð fyrir sveigjanleika varðandi uppbyggingu þjónustu utan þéttbýlis.
- Við útfærslu landsskipulagsstefnunnar þarf að skoða stefnu um uppbyggingu í dreifbýli í tengslum við stefnu um uppbyggingu á og við hálendið.
- Við útfærslu landsskipulagsstefnu þarf að huga að mismunandi aðstæðum sveitarfélaga, þannig að landsskipulagsstefnan veiti umgjörð fyrir skipulag sveitarfélaga til að takast á við ólíkar aðstæður.
- Rætt um að landsskipulagsstefna setji fram leiðarljós um hverskonar svæði henti undir ákveðna landnotkun í dreifbýli.
- Rætt um að landsskipulagsstefna taki á samræmdum vegagrunni þar sem vegslóðar verði m.a. skilgreindir. Rætt m.a. út frá skráningu vegslóða milli sveitarfélaga.

- Rætt um frístundabyggð innan og utan þéttbýlis.
- Nefnd voru vandamál tengd nýtingu lands á eyðijörðum og hvernig hægt væri að takast á við þau í skipulagsgerð.
- Rætt um að fjalla þyrfti um aðgengi íbúa í dreifbýli að innanlandsflugi.
- Rætt um aðgengi að landi og hvernig hægt er að tryggja betur aðgang að því.

ÁBENDINGAR FYRIR FREKARI VINNU VIÐ UMHVERFISMAT

- Rætt var um mismunandi áhrif af skógrækt og landgræðslu og að aðgreina þurfi áhrif af þessu tvennu í mati á umhverfisáhrifum.

AÐRAR ÁBENDINGAR

- Rætt um mikilvægi þess að nálgun og orðalag í gögnum landsskipulagsvinnunnar sé hlutlæg og skýr.
- Rætt um landsskipulagsferlið, m.a. að mikilvægt sé að gefinn sé nægilegur tími fyrir lykilskref í ferlinu.

Skipulag haf og strandsvæða

ÁBENDINGAR VARÐANDI ÚTFÆRSLU STEFNUKOSTA

- Við útfærslu landsskipulagsstefnunnar verði haft í huga hvernig áhersla á verndun og sjálfbærni og áhersla á nýtingu og athafnafrelsi geta farið saman. Varast að stilla þeim upp sem óhjákvæmilegum andstæðum.
- Spurning hvort við skilgreiningu 0-kosts (óbreytt stefna) í valkostagreiningunni hefur verið tekið nægilegt tillit til núverandi stefnu stjórnvalda.
- Fjalla mætti ítarlegar um ferðatengda þjónustu og aðkomu almennings að strönd og sjó.

ÁBENDINGAR VARÐANDI UMHVERFISMAT

- Rökstuðningur í umhverfismati þarf að vera ítarlegri.

AÐRAR ÁBENDINGAR

- Rætt um landsskipulagsferlið. Um mikilvægi víðtæks samráðs og að raddir og sjónarmið ólíkra aðila komist að, svo sem frá atvinnulífinu og öðrum hagsmunahópum. Og um mikilvægi þess að gefinn sé nægilegur tími fyrir lykilskref í ferlinu og að ábendingar úr samráði skili sér áfram í vinnuna.